

4. gr.

Vextirnir gangi til sjúkrahæla, sem reist kunna að verða fyrir dýr. Sjóðurinn er undir vernd Dýraverndunarfélags Íslands og úthlutar stjórn félagsins styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. gr. Sjóðurinn ávaxtist í Söfnunarsjóði Íslands, A-deild.

103

11. júní

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. janúar 1951.

Gísli Björnsson.

Samþykki skipulagsskrána f. h. Dýraverndunarfélags Íslands.

Sigurður E. Hlíðar,
p. t. formaður.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Columbiasjóð“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1951.
Skipulagsskráin er þannig:

104

11. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Columbiasjóð.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Columbiasjóður, og er hann stofnaður með gjöf Steingríms Arasonar kennara árið 1939, kr. 12521.99, en aukinn síðar með gjöfum stofnanda, og er sjóðurinn í árslok 1950 kr. 91050.60.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands, ríkisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggum hætti.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann fjórða hluta vaxta. Hinum $\frac{3}{4}$ ársvaxtanna skal varið sem hér segir:

1. Til þess að styrkja til utanfarar uppeldisleiðtoga, einkum æfingakennara kennaraskólans, kennara uppeldisdeildar háskólans og aðra þá, sem eru vegna áhuga og hæfileika líklegastir til þrifa í uppeldismálum. Styrkurinn skal veittur til náms og kynningar í Bandaríkjunum að öðru jöfnu, einkum við kennaraháskólann í Columbia University í New York. Þessi styrkur skal bundinn því skilyrði, að heim til Íslands sé flutt einhver nýjung, er horfi til bóta í kennslu- og uppeldismálum Íslendinga.
 2. Til nemendaskipta í sambandi við utanfarir.
 3. Ef sjóðurinn eflist til muna frá því, sem nú er, má veita styrk til námsferða í öðrum greinum en uppeldismálum.
- Leggja má saman vaxtatekjur nokkurra ára og veita í einu lagi.

- 104** Sjóðnum skal fylgja bók, þar sem skráð séu nöfn styrkþega og helztu æviatriði, 11. júní ásamt greinargerð um það, hvernig styrkurinn hafi verið notaður.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

- 105** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Guðmundar Thorsteins- 11. júní sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. júní 1951. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Guðmundar Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar og er dánargjöf Guðmundar Thorsteinssonar, Bjarnarstíg 12, Reykjavík, er andaðist 6. júlí 1949, samkvæmt arfleiðsluskrá, dags. 24. okt. 1927, með breytingu, dags. 23. apríl 1932. Stofnfé sjóðsins, er var afhent háskólanum 30. des. 1949 og 3. jan. 1950, nam kr. 154789.14.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands, og skal háskólaráð hafa stjórn hans með höndum. Það skal sjá um geymslu sjóðsins og ávöxtun, og skal höfuðstóll sjóðsins ávaxtaður í veðdeildarbréfum Landsbankans, rikisskuldabréfum eða með öðrum jafntryggilegum hætti.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hvert ár leggja við hann helming vaxta. Hinum helmingnum skal verja sem hér segir:

1. að styrkja efnilega, fátæka stúdenta, sem stunda læknisfræði-, lögfræði- eða verkfræðinám við Háskóla Íslands. Lægri styrk en 500 kr. má ekki veita.
2. að styrkja vísindalegar rannsóknir eða vísindastarfsemi, einkum þá, er varðar lögfræðileg efni, íslensk náttúruvísindi og heilbrigðismál.
3. að styrkja útgáfu vísindarita eða vel saminna alþýðlegra fræðibóka.

4. gr.

Háskólaráð lætur árlega gera reikninga sjóðsins, og skulu þeir birtir í árbók háskólans. Reikningarnir skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.